

<b>Fundarnúmer:</b>	89
<b>Dagsetning:</b>	02.12.2008
<b>Tími:</b>	13:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

Þriðjudaginn 2. desember 2008 kl. 13:00 kom Landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 89. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

#### **Dagskrá:**

1. Viðræður við Bjarna Maronsson, fulltrúa Landgræðslu ríkisins.
2. Viðræður við Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmann með lausagöngu búfjár.
3. Viðhald styrkvega 2008.
4. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

1. Til fundar með landbúnaðarráði er mættur Bjarni Maronsson, héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins fyrir Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Gerði hann nokkra grein fyrir starfsemi Landgræðslu ríkisins m.a. þeirri ákvörðun sem tekin var í upphafi árs 2008 um gerð héraðsáætlana fyrir öll starfssvæði landgræðslunnar. Kynnti hann frumdrög þeirrar skýrslu fyrir Norðurland vestra. Óskaði Bjarni eftir því að landbúnaðarráð færi yfir frumdrögin og kæmi á framfæri ábendingum um atriði sem betur mættu fara. Markmið áætlunarinnar er m.a. að marka framtíðarsýn og megináherslur í landgræðslumálum á hverju héraðssetri en hún er einnig hugsuð sem tæki til að efla samráð og samvinnu við heimamenn og auka jafnvægi og ábyrgð þeirra við forgangsröðun verkefna. Héraðsáætlun gefur yfirlit um stöðu landgræðslumála á hverju afmörkuðu svæði og fjallar um alla þætti er tengjast verksviði landgræðslunnar innan hvers svæðis. Einnig kynnti Bjarni verkefnið „Bændur græða landið“ en í Húnaþingi vestra eru 19 bændur sem taka þátt í verkefninu sem lítur að uppgæðslu lands á eignarlöndum umræddra bænda. Bjarni gat um að jarðvegsrof og landeyðing telst óverulegt vandamál í Húnaþingi vestra því Vestur-Húnavatnssýsla er best gróna sýsla landsins en um 1.838 ferkílómetrar eða rúm 70% flatarmáls sveitarfélagsins telst gróíð land. Landbúnaðarráð samþykkir að senda fjallskiladeildum í sveitarfélaginu frumdrög héraðsáætlunar landgræðslunnar til kynningar.
2. Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmaður með lausagöngu búfjár er mættur til fundarins. Lagði hann fyrir landbúnaðarráð skýrslu sína um útköll og/eða ábendingar sem honum hafa borist um lausagöngu búfjár á árinu 2008. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra og eftirlitsmanni að kynna fulltrúa Vegagerðarinnar skýrsluna.
3. Fram lagt yfirlit um ráðstöfun styrkvegafjár á árinu 2008. Landbúnaðarráð ítrekar tilmæli til formanna fjallskiladeilda um að skila tímanlega til skrifstofu sveitarfélagsins uppgjöri vegna viðhalds styrkvega svo tryggt sé að endurgreiðsla frá Vegagerðinni berist sveitarfélaginu.
4. Landbúnaðarráð Húnaþings vestra skorar á samgönguráðherra og ríkisstjórn Íslands að staðið verði við gefin fyrirheit um uppsetningu háhraðanetstenginga á landsbyggðinni. Óviðunandi er hve uppsetning hefur dregist þar sem núverandi tengingar eru með öllu óásættanlegar og verðlagning ekki í neinu samræmi við gæði þjónustunnar. Núverandi tengingar sem boðið er uppá víðast í dreifbýli í Húnaþingi vestra eru ónothæfar þeim sem hyggjast stunda fjarnám eða nýta önnur tækifæri sem háhraðanetstengingar bjóða uppá. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:10

Agnar Jónsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Sigtryggur Sigvaldason(sign.), Þórarinn Óli Rafnsson(sign.),  
Þorsteinn B. Helgason(sign.), Örn Óli Andrésson(sign.).